



Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Gunnarsholti, 14. júní 2018

Efni: Þorláksskógar - Umsókn um framkvæmdaleyfi

Mér bréfi þessu óskar Landgræðsla ríkisins, f.h. framkvæmdaaðila, eftir framkvæmdaleyfi vegna aðgerða tengdum Þorláksskógum. Þorláksskógar er samstarfsverkefni Sveitarfélagsins Ölfus, Landgræðslu ríkisins og Skógræktarinnar og ná yfir 4.620 ha svæði á Hafnarsandi. Markmið verkefnisins eru meðal annars að græða svæðið upp til að verjast náttúruvá, vernda byggð og auka nýtingarmöguleika svæðisins, m.a. til útivistar.


Verkefninu er lýst í meðfylgjandi skýrslu sem verkfræðistofan Efla vann, sjá fylgiskjal 1. Skipulagsstofnun fékk verkefnið til umsagnar og niðurstaða þeirrar stofnunar var að verkefnið skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum, sjá fylgiskjal 2.

Til að auðvelda framkvæmdir verður lagður/markaður 3 metra breiður slóði eftir svæðinu, sjá fylgiskjal 3. Slóði þessi verður nýttur til að flytja efni inn á svæðið, s.s. áburð, trjáplöntur o.fl. Slóðinn verður markaður á þann hátt að dráttarvél með tönn fer og strýkur létt yfir svæðið og þess gætt að valda sem minnstu raski. Að því loknu verður grasfræi sáð í sárið. Með því verður komið í veg fyrir fok úr slóðanum.

Meðfylgjandi gögn:

1. Þorláksskógar, Landgræðslu- og skógræktarverkefni á Hafnarsandi, Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu, dags. 23.11.2017
2. Þorláksskógar, landgræðslu- og skógræktarverkefni á Hafnarsandi, Ákvörðun um matsskyldu, Skipulagsstofnun, dags. 21.2.2018
3. Yfirlitsmynd, Þorláksskógar, skipting svæða – Staðsetning vinnuslóða.

Virðingarfyllst,
f. h. framkvæmdaaðila


Garðar Þorfinnsson,
héraðsfulltrúi